

124

5. des.

STARFSREGLUR

fyrir öryggisráð.

1. gr.

Öryggisráð er ráðgefandi milli vinnuveitenda, verkamanna og öryggiseftirlitsins í öllu því, sem varðar hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Það gerir tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og athugar reglur, sem öryggismálastjóri semur, áður en þær eru sendar ráðuneytinu til staðfestingar.

Öryggisráði ber að láta ráðherra og öryggismálastjóra í té, ef þess er óskað, yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum ná til.

2. gr.

Öryggisráð gerir tillögur um framkvæmd einstakra atriða öryggiseftirlitsins og lætur álit sitt í ljós um ágreiningsatriði, sem rísa kunna milli vinnuveitenda og/eða verkamanna annars vegar og öryggismálastjóra hins vegar, út af skilningi einstakra ákvæða laga og reglugerða varðandi öryggi og hollustuhætti á vinnustað.

3. gr.

Öryggisráð kemur saman til funda svo oft, sem tilefni gefst til, og að jafnaði ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði.

4. gr.

Formaður ráðsins boðar til funda og skal í fundarboði geta þeirra mála, sem lögð verða fyrir fundinn. Hafi einhver af meðlimum ráðsins eða öryggismálastjóri mál með höndum, sem hann telur aðkallandi að tekið sé til umræðu í ráðinu, getur hann óskað þess, að formaður kalli ráðið saman til fundar, en hann boðar þá til fundar svo fljótt, sem verða má.

5. gr.

Verði ágreiningur innan ráðsins um afgreiðslu máls, sem það hefur fengið til meðferðar, ræður einfaldur meiri hluti atkvæða úrslitum.

6. gr.

Öryggismálastjóri situr fundi öryggisráðs, og er ritari þess. Tekur hann þátt í umræðum um mál, sem tekin eru til meðferðar, en hefur ekki atkvæðisrétt í ákvörðunum ráðsins. Skulu allir viðstaddir meðlimir ráðsins undirrita það, sem bókað er á fundi.

7. gr.

Skrifstofa öryggiseftirlitsins annast skrifstofustörf fyrir ráðið og telst aukakostnaður við það til kostnaðar af störfum ráðsins.

8. gr.

Í lok hvers árs lætur öryggisráð ráðherra í té skýrslu um störf ráðsins á árinu.

Starfsreglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 52 20. maí 1955, um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. desember 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.